

## Samstarfshópur um þjóðgarð á Vestfjörðum

Níundi fundur samstarfshóps (fundað á Teams) – 9. apríl 2021. Fundur hófst kl. 10:00.

Fundinn sátu: Edda Kristín Eiríksdóttir f.h. Umhverfisstofnunar, Puríður Yngvadóttir f.h. Landgræðslusjóðs, Gerður Björk Sveinsdóttir f.h. Vesturbyggðar (í stað Rebekku Hilmarsdóttur), Rúnar Leifsson f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis, Freyja Pétursdóttir f.h. Umhverfisstofnunar og Steinar Kaldal f.h. umhverfis-og auðlindaráðuneytis.

Forföll boðuðu: Birgir Gunnarsson f.h. Ísafjarðarbæjar og Sigurður Örn Þorleifsson forsætisráðuneyti.

### Þetta gerðist:

#### 1. Skýrsla nefndar

Hópurinn fór yfir uppfærða skýrslu. Rætt var um lengd skýrslunnar, að heppilegt væri að skýrslan væri ekki of löng aflestrar. Uppfærð skýrsludrög fyrir næsta fund munu taka mið af því markmiði.

#### 2. Kynningarfundur vegna tillögu að auglýsingu

Vegna Covid 19 er enn óljóst hvort staðfundir náist. Stefnt er því að halda fjarfund fljótlega eftir mánaðamótin apríl/maí. Fulltrúar Umhverfisstofnunar munu skipuleggja fundinn í samstarfi við sveitarfélögin. Ef sóttvarnarráðstafanir leyfa, verða staðfundir einnig haldnir seinni part maí mánaðar.

Fleira gerðist ekki og fundi lauk kl. 10:55.